

**Nd.**

**203. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um aukna landhelgisgæslu við innanverðan Faxaflóa, í nágrenni við Reykjavík.

Flutningsmaður: Hákon Kristófersson.

1. Tillögugreinina skal orða svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

- a. Að auka landhelgisgæsluna við innanverðan Faxaflóa og að sunnanverðu á Breiðafirði á þeim tíma árs, þegar þörfin er brýnust, og með þeim hætti, er hentast þykir, enda verði á engan hátt dregið úr þeirri sjergæslu, er verið hefir á sunnanverðum Faxaflóa.

- b. Að haldið sje úti sjerstökum mótorbáti til landhelgisgæslu á svæðinu frá Hornbjargi að Straumnesi við Patreksfjörð yfir mánuðina maí—október, nema vissa sje fyrir því, að hin stærri landhelgisgæsluskip ríkisins geti annast það svo vel sje.

2. Fyrirsögnin verður:

Tillaga til þingsályktunar um aukna landhelgisgæslu við innanverðan Faxaflóa og á sunnanverðum Breiðafirði.